

Framkvæmdastjóri Gedhjálpar:

Tilfinningar þeð í þrátefli um peninga

„Að nota tilfinningar ged-sjúkra og fjölskyldna þeirra sem þeð í eilífu þrátefli um fjármuni eins og gert hefur verið er ekki sæmandi síðudu fólki. Gedhjálp gerir þær kröfur til heilbrigisyrvalda að notadar verði aðrar aðferðir við rekstur heilbrigðiskerfisins í framtíðinni,“ sagði Ingólfur H. Ingólfsson framkvæmdastjóri Gedhjálpar í

dag um nýjustu sparnaðarhugmyndir í heilbrigðiskerfinu. Hann segir tillögurnar þvilika ógnun við velferð og heilbrigði gedsjúkra að óhugsandi sé að þær nái fram að ganga.

Ingólfur segir það ótrúlegt að sjúkrastofnun skuli leggja til að hætta þjónustu við gedsjúka til þess að spara fé. „Skilja heilbrigðisyfirvöld umræðu síðustu

vikna í fjölmiðlum um málefni gedsjúkra á þann veg að þjónustunni við þá sé ofaukið í heilbrigðiskerfinu?“ spyr Ingólfur.

Gedhjálp skorar á heilbrigðisráðherra að snúa við bláðinu og efla þjónustu við gedsjúka þannig að því hættuástandi sem ríkir í málefnum þeirra verði aflétt og þjónustan þess í stað byggð upp svo viðunandi verði.

-JBP